



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands  
B.t. Helga Helgasonar, heilbrigðisfulltrúa  
Innrimel 3  
301 Akranes

Akranesi, 29. maí 2015

1504040 RÁ/sa

### **Efni: Beiðni um umsögn vegna endurákvörðunar sorpgjalda fyrir árið 2014**

Vísað er til fyrri samskipta er varðar ofangreint efni en sem kunnugt er kvað úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála upp úrskurð þann 27. mars síðastliðinn og taldi gjaldskrá 1285/2013 ekki lögmætan grundvöll gjalddöku sorpgjalda fyrir árið 2014 vegna formgalla sökum þess að ekki var aflað umsagnar heilbrigðisnefndar sbr. 25. gr. laga númer 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Álögð gjöld vegna ársins 2014 samkvæmt gjaldskrá 1285/2013 voru kr. 16.095 vegna sorphreinsunar og kr. 13.725 vegna sorpeyðingar.

Málið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs þann 28. maí síðastliðinn og eftirfarandi bókað:

*„Með hliðsjón af úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 27. mars síðastliðnum samþykkir bæjarráð að endurákværða sorpgjöld vegna ársins 2014.*

*Bæjarráð samþykkir að tekjuafgangur málaflokksins samkvæmt ársreikningi 2014 komi að fullu til lækkunar gjaldanna sem felur í sér lækkun um 8,04% auk þess sem gæta þarf ákvæða laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda við framkvæmd endurgreiðslunnar til gjaldenda.*

*Fjárhæð sorphreinsunargjaldsins verði kr. 14.799 í stað kr. 16.095 sem er lækkun um kr. 1.296 og fjárhæð sorpeyðingargjaldsins verði kr. 12.620 í stað kr. 13.725 sem er lækkun um kr. 1.105.*

*Ákvörðun bæjarráðs verði send til umsagnar Heilbrigðisnefndar Vesturlands samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.*

*Fjárhæðin, samtals kr. 6.178.371 ásamt vöxtum, verði tekin af handbæru fé.“*



Til hliðsjónar við ákvarðanatökuna um gjaldtökuna var ársreikningur ársins 2014 sem samþykktur var í bæjarstjórn þann 12. maí síðastliðinn.

Eftirtaldir liðir voru lagðir til grundvallar:

1. Tekjur að fjárhæð kr. 76.733.156.
2. Gjöld að fjárhæð kr. 70.554.785 sem greinast þannig:
  - a. Sameiginlegur kostnaður, aðkeypt þjónusta o.fl. kr. 61.874.149.
  - b. Annar kostnaður vegna Gámu vegna „stjórnunarkostnaðar“/umsýslu bæjarskrifstofu kr. 5.597.569.
  - c. Millifærð gjöld vegna „stjórnunarkostnaðar“/vinnu/umsýslu skipulags- og umhverfissviðs kr. 335.175.
  - d. Kostnaður vegna reksturs húsnæðis Gámu kr. 1.360.745.
  - e. Afskriftir vagna fastafjármuna í Gámu kr. 1.108.272.
  - f. Fjármagnsliðir Gámu kr. 278.875.
3. Rekstrarafgangur að fjárhæð kr. 6.178.371 sem nýttur er að fullu til lækkunar á sorpgjöldum samkvæmt gjaldskrá 1285/2013. Annars vegar er um rekstrarafgang Gámu að ræða að fjárhæð kr. 5.420.212 og hins vegar um rekstrarafgang vegna innheimtu sorpgjalda (málaflokkur 08) að fjárhæð kr. 758.159.

Meðfylgjandi er ársreikningur Gámu 2014 ásamt endurskoðuðu rekstraryfirliti vegna málaflokks 08. Einnig er meðfylgjandi drög að gjaldskrá sbr. samþykkt bæjarráðs en fyrirhugað er að málið fái umfjöllun á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 9. júní næstkomandi.

Með vísan til 25. gr. laga númer 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er óskað umsagnar heilbrigðisnefndar um fyrirhugaða gjaldskrá. Þess er vinsamlegast farið á leit að umsögn berist svo fljótt sem auðið er.

Ef heilbrigðisnefnd óskar eftir frekari greiningu á fyrirleggjandi gögnum verður fúslega orðið við því.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir,  
bæjarstjóri